

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 99/1968. **Margrét Hjaltested fyrir sjálfa sig og f. h. ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar Hjaltesteds**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested og Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Markúsar Ívars Hjaltesteds og Sigríðar Hjaltesteds og gagnsök.
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Skiptamál. Úthlutun.

Dómur Hæstaréttar.

Unnsteinn Beck setuskiptaráðandi framkvæmdi hina áfrýjuðu útlagningargerð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1968. Gera þeir aðallega þær dómkröfur, að ákvörðun skiptadóms Kópavogs á skiptafundi hinn 7. maí 1968 um afhendingu umráða og afnota fasteignarinnar Vatnsenda verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar af nýju. Til vara krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða ákvörðun verði úr gildi felld. Þá krefjast þeir og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1968. Krefjast þeir staðfestingar hinnar áfrýjuðu ákvörðunar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sigurður Lárusson Hjaltested lézt 13. nóvember 1966. Við upphaf skipta í febrúarmánuði 1967 á dánar- og félagsbúi Sigurðar og eftirlifandi maka, Margrétar G. Hjaltesteds, aðaláfrýjanda máls þessa, kom upp ágreiningur um gildi erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, en Magnús, sonur

Sigurðar af fyrra hjónabandi, gagnáfrýjandi í máli þessu, reisti rétt sinn til viðtöku á jörðinni Vatnsenda í Kópavogi á þessari erfðaskrá. Í úrskurði skiptadóms Kópavogs hinn 24. júlí 1967 var ekki talið, „að eftirlifandi maka landseta samkvæmt erfðaskránni sé áskilin búseta á jörðinni eftir lát hans“. Varð niðurstaða skiptadóms, að Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested var „áskilinn réttur eftir látinn föður sinn til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda“. Þessi úrskurður skiptadóms var staðfestur í Hæstarétti hinn 5. apríl 1968. Á skiptafundi hinn 7. maí 1968 í greindu búi „lýsti skiptaráðandi yfir því, að hann afhenti Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, umráð og afnot fasteignarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað með því, sem henni fylgir og fylgja ber, samkvæmt þeim réttindum, sem honum sem erfingja eru áskilin í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. jan. 1938 og 29. okt. 1940, að geymdum rétti þeirra, sem löglega kunna að eiga tilkall til afnota eða annarra réttinda á jörðinni eða hluta hennar, enda tekur Ólafur Þorgrímsson, hæstaréttarlögmaður, ásamt erfingjunum ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar, erfðafjárskatts og annarra opinberra gjalda, sem á erfingjana kann að falla í sambandi við skiptin“.

Krafa aðaláfrýjenda um ómerkingu og heimvísun málsins hefur ekki verið studd neinum haldbærum rökum. Aðaláfrýjendur reisa kröfuna um, að hin áfrýjaða ákvörðun skiptadóms verði felld úr gildi, fyrst og fremst á því, að nafnritanir Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds á erfðaskrána séu falsaðar. Í bréfi aðaláfrýjanda Margrétar G. Hjaltesteds til saksóknara ríkisins, dags. 2. febrúar 1969, fór hún þess á leit, að saksóknari hlutaðist til um, að þetta efni yrði rannsakað. Báðir arfleiðsluvottarnir komu fyrir sakadóm og staðfestu nafnritun sína á erfðaskrána. Annar þeirra staðfesti með eiði, að Magnús Einarsson Hjaltested hefði undirritað erfðaskrána í sinni viðurvist. Hinn arfleiðsluvotturinn kvaðst ekki þora að fullyrða, hvort Magnús hafi verið búinn að rita nafn sitt undir skjalið eða gert það, um leið og þeir vottarnir undirrituðu. Vann vitnið drengskaparheit að fram-

burði sínum. Í máli milli sömu aðilja, sem dæmt var í Hæstarétti 5. apríl 1968, eins og áður er greint, var því ekki hreyft, að erfðaskráin væri fölsuð. Ekki eru efni til að sinna þessari málsástæðu aðaláfrýjenda. Úttekt á jörðinni fór fram hinn 16. maí 1969. Eins og málum er háttað, geta aðaláfrýjendur eigi reist rétt á ábúðarlögum.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta ákvörðun skiptadóms.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða ákvörðun skiptadóms á að vera óröskuð.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 117/1968. Margrét Hjaltested fyrir sjálfa sig og f. h. ófjárráða barna sinna Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar Hjaltesteds
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn
Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómenndur:
hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vil-
hjálmsón.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa með stefnu, birtri 30. ágúst 1968, skotið til Hæstaréttar úrskurði fógætadóms Kópavogs, sem var uppkveðinn hinn 25. júní 1968. Krefjast þeir þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, synjað verði um útburð og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.